




Reykjavík, 27.júní. 2024

Laugavegur 73 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa, breyting á notkun – USK24050216


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. júní 2024 var lögð fram fyrirspurn Pálmars Kristmundssonar, dags. 17. maí 2024, ásamt greinargerð, dags. 17. maí 2024, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits vegna lóðarinnar nr. 73 við Laugaveg sem felst í að heimilt verði að fjölga íbúðum hússins um eina og auka byggingarmagn lítillaga, samkvæmt uppdr. PK arkitekta, dags. 2. maí 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Núverandi götumynd Laugavegs



Samþykkt útlit að Laugavegi



Breytingartilaga

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin miðborg, M1a. Í gildi er deiliskipulagið Landsbankareitur samþykkt 10.12.2002 með síðari breytingum.

Umsögn

Sótt er um að heimilaðar verði 11 íbúðir á lóðinni í stað 10 áður. Tveggja herbergja íbúð bætt við á 2. hæð þar sem tvöföld lofthæð í verslunarrými jarðhæðar var áður.

Það hefur nú þegar verið heimiluð fjölgun íbúða á lóðinni, upphaflega var samþykkt 7 íbúðir en núverandi skipulag gerir ráð fyrir allt að 10 íbúðum.

Eitt af markmiðum deiliskipulagsins er að tengja verslunarrýmin á Laugaveginum við göturým, styðja og styrkja miðborgina og þar eru framhliðar húsa í lykilhutverki. Stórar opnanir stuðla að betri samskiptum milli verslunarrýmis og göturýmis. Þetta skapar flæði á milli þess sem er inni og úti, sem gerir göturýmið meira aðlaðandi og líflégra.

Laugavegurinn gegnir sérstöku mannlífshlutverki í miðborginni og er mjög mikilvægt að verslunarrýmin taki mið af því.

Niðurstaða

Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri